## *Fyrirtækjaráðgjöf Enor ehf. kynnir til sölu Skúlagarð-fasteignafélag ehf.*

Enor kynnir til sölu félagið Skúlagarður-fasteignafélag ehf. Um er að ræða fallegt þriggja stjörnu hótel í Kelduhverfi við Öxarfjörð í fallegri náttúru.

Hafir þú áhuga á að kynna þér frekar félagið og/eða eignir þess, hvetjum við þig til að hafa samband. Hjá Enor tökum við vel á móti þér.

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi
Forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Enor
david.bui@enor.is
s. 430-1810 / 851-1800

## *Um Skúlagarð*

Skúlagarður var upprunalega byggður sem skóli og félagsheimili fyrir íbúa í Kelduhverfi.

Á árinu 2011 var unnið að umfangsmiklum endurbótum á fasteigninni.

Í fasteigninni eru 17 tveggja manna herbergi en sér baðherbergi fylgir hverju herbergi.

Eitt herbergið er sérstaklega útbúið fyrir fatlaða einstaklinga og er það stærra en önnur herbergi. Hin 16 herbergin eru öll svipuð að stærð.

Herbergin á hótelinu eru í norðurhluta fasteignarinnar, 13 herbergi þar sem gengið er að innan og 4 herbergi þar sem hægt er að ganga inn að utan.

Í Skúlagarði eru tveir aðskildir salir þar sem hægt er að koma fyrir 130 manns í mat og/eða 210 manns á viðburði eða ráðstefnur.



*Demantshringurinn*

Skúlagarður er inni á hringleiðinni sem kallast Demantshringurinn. Demantshringurinn er 250 kílómetra langur hringvegur á Norðurlandi, en þar er að finna náttúruperlur og landslag sem er einstakt.

Í nágrenni Skúlagarðs eru nokkrar af helstu náttúruperlum Norðurlands t.d. Dettifoss sem er aflmesti foss Evrópu, náttúruundrið Ásbyrgi og Hljóðaklettar.

Á árinu 2020 var lokið við síðasta áfanga hringvegarins frá Dettifoss niður í Kelduhverfi sem býður upp á mikil tækifæri í ferðaþjónustu á svæðinu.









